

Skýrsla um starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka árið 2005



Ljósmynd Elinborg Dagný Lýsdóttir

Forsíða	1
Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Stjórn og starfsmenn	3
Opnunartímar og aðsókn 2005	3
Sýningar og helstu viðburðir	4
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	7
Rjómabúið á Baugsstöðum	7
Aðstoð við Tónminjasetur Íslands ses	8
Samstarf við önnur söfn	8
Fornleifaskráning	8
Viðhald á Húsinu	10
Skráning og ný aðföng	10
Gefendur til safnanna á árinu 2005	11
Fjárhagslegur grundvöllur	12
Annual report 2005 (Abstract)	13

Rekstur safnanna á Eyrarbakka, Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, var með hefðbundnu sniði á árinu 2005. Söfnin voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið. Við söfnin fór fram töluvert verk við skráningu og aðrar rannsóknir í samræmi við stofnskrár og starfsáætlanir. Sýningarhald var með miklum blóma á árinu. Haldið upp á 10 ára afmæli sýningarhalds Byggðasafns Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka, bæði með sérsýningu um vorið og sérstakri dagskrá á sjálfan afmælisdaginn. Haldnar voru fjórar sérsýningar í borðstofu Hússins og fastasýningar endurbættar í Assistentahúsinu og Húsinu. Tvær sérsýningar voru haldnar í Eggjaskúrnum en þann 3. ágúst var opnuð þar fastasýning. Áfram var unnið að fornleifaskráningu fyrir Sveitarfélagið Árborg og ýmsa framkvæmdaaðila.

Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Byggðasafns Árnesinga sitja Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson formaður, Sigurður Steindórsson varaformaður og Helga Teitsdóttir ritari. Stjórn safnsins fundaði tvisvar sinnum á árinu.

Safnstjóri í fullri stöðu er Lýður Pálsson. Í ársbyrjun störfuðu Edda Linn Rise og Margrét H. Hallmundsdóttir í hlutastarfi við fornleifaskráningu. Í byrjun mars kom Jensína Jensdóttir til starfa og hélt áfram að skrá í gagnagrunninn Sarp muni Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Byggðasafns Árnesinga. Starfaði hún allt árið í 50 % stöðu við það, að undanskildum sumarmánuðunum þremur. Í byrjun júní komu til starfa við fornleifaskráningu þær Kristín Erla Þráinsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. Starfaði Guðlaug í tíu vikur yfir sumarið en Kristín Erla var í fullu starfi við fornleifaskráningu út árið.

Umsjón með safnvörslu í Húsinu og Sjóminjasafninu höfðu Nanna Bára Maríasdóttir, Jensína Jensdóttir, Agnes Karlsdóttir og Hörður Jóhannsson. Einnig Baldvin Karel Magnússon. Guðjón Guðmundsson rafvirkir er söfnunum helsta aðstoð vegna öryggis- og tæknimála.

Opnunartímar og aðsókn 2005

Á söfnunum var opið kl. 14-17 um helgar í apríl, maí, september og október og opið alla daga kl. 11-17 í júní, júlí og ágúst. Einnig var opið sérstaklega í kringum fyrstu sérsýningu ársins og um páskana. Jafnframt var tekið á móti fjölmörgum hópum utan auglýsts opnunartíma.

Heildargestafjöldi var um 5100 sem er örlítið betri aðsókn en árið áður. Erlendum gestum fækkaði milli ára. Af þessum fjölda voru 1200 erlendir og 550 skólabörn.

Í Sjóminjasafnið voru skráðir um 3.200 gestir.

Þó ekki sé um sýningahald að ræða í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka eiga þangað ýmsir erindi við starfsfólk, eins og til aðstoðar við greiningu ljósmynda, til rannsókna á safnkosti og til afhendingar á gömlum gripum. Í gestabók skrifuðu 400 manns.



Sýningar og helstu viðburðir

Húsið í ýmsum myndum. Í tilefni 240 ára aldurs Hússins og að tíu ár voru um þær mundir síðan hafin var flutningur á sýningahaldi Bygðasafns Árnesinga frá Selfossi í Húsið, stóð safnið að lista- og ljósmyndasýningunni *Húsið í ýmsum myndum*, stóð sýningin frá mars til maí. Þar var varpað ljósi á margvísleg sjónarhorn og listtúlkánir sem til hafa orðið í tengslum við þessa öldnu byggingu. Sérkennilegt



sjónarhornið, sem Húsið og viðbyggingin Assistentahúsið mynda, á fáa sína líka og þykir eftirtektarvert og hafa af byggingunum ófáar myndirnar verið teknar. Gjarnan hefur verið horft með lotningu til Hússins. Á sýningunni voru ljósmyndir af Húsinu frá miðri 19. öld til nútímans, einnig póstkort, teikningar, málverk, líkan úr gleri, spegill, útsaumur, hefðbundnar vatnslitamyndir og vatnslitamyndir á tepokum, auk kynningarefnis frá Bygðasafni Árnesinga, þar sem Húsið er í öndvegi



sem helsti og merkasti sýningargripur safnsins. Safnið fékk Ingibjörgu Helgu Guðmundsdóttur glerlistakonu á Selfossi til að gera líkan af Húsinu.

Endurbætur á fastasýningum. Vorið 2005 var haldið áfram að endurskoða og endurbæta fastasýningar í Assistentahúsinu. Breytingar voru gerðar á sýningunni Brot af því besta og verslunarsýningunum. Breytingar á fastasýningum krefjast mikillar yfirlegu og vinnu. Vanda þarf þá sérstaklega til textagerðar og gjarnan þarf að afla viðbótarupplýsinga um gripina, forvörslu þeirra og hvernig skuli haga sýningu á þeim. Að auki er Húsið erfitt viðureignar sem sýningahús og vandasamt að stilla safngripum þar upp.


Dagskrá í tilefni endurreisnar Miklagarðs. Þann 18. maí tóku söfnin þátt í veglegri dagskrá sem haldin var í tilefni endurreisnar Miklagarðs og opunar veitingastaðarins „Rauða hússins“ þar í húsi. Guðmunda Nielsen kaupkona í Húsinu (1885-1936) stóð að byggingu Miklagarðs árið 1919 en illu heilli gekk verslunarrekstur hennar ekki vel. Miklagarður hefur oft komið við sögu í fundargerðum stjórnar Bygðasafns Árnesinga. Hann er þar nefndur fyrst á



nafn í fundargerð haustið 1995 þegar stjórnin skoðaði húsið með það í huga að nýta það sem geymslu- og sýningahús. Aftur var húsið skoðað þegar ný stjórn kom að húsinu haustið 1998 og varð niðurstaðan þá sem áður að þrátt fyrir að staðsetning Miklagarðs væri ákjósanleg með tilliti til nálægðar við Húsið þá hentaði það ekki að öllu leyti til starfsemi safnsins og að auki of stór biti í ljósi ástands þess og kostnaðar við að gera það upp með tilliti til þarfa safnsins. Stjórn safnsins hefur alla tíð gert

athugasemdir við hrörlegt ástand hússins sem frá 1998 hefur verið í eigu Eyrarbakkahrepps og síðar Árborgar.

Safnið ákvað í tilefni endurreisnar Miklagarðs að gefa rekstrarfélagi þess stóra ljósmynd af Guðmundu Nielsen. Jafnframt léði safnið húsakynni sín til tónlistarveislu undir stjórn tónskáldsins Örlygs Benediktssonar í Brennu og kostaði kórsöng Tröllkvenna frá Selfossi í Eyrarbakkakirkju. Sjá mátti þrúðbúið fólk á stjái og hestvagni í aldamótastíl ekið um Götuna. Fjölmenni var við hátíðina.





Vor í Árborg. Þann 20. maí á menningarhátíðinni Vor í Árborg voru opnaðar tvær sýningar í Húsinu á Eyrarbakka. Í borðstofu Hússins var opnuð sýningin **Þegar ég var lítill**. Um var að ræða sýningu á vatnslitamyndum eftir Jóhann Briem listmálara. Myndirnar teiknaði Jóhann árið 1948 handa dætrum sínum og er efni myndanna umhverfi og æskuheimili Jóhanns á Stóra-Núpi. Sýningin var haldin í nánú samstarfi við Katrínu Briem dóttur listamannsins. Listasafn Árnesinga stóð með byggðasafninu að sýningunni **Fuglar og menn** í Eggjaskúrnum á útskurðarverkum Halldórs Einarssonar frá Brandshúsum í Gaulverjabæjarhreppi. Eggjaskúrin endurbyggði á sína tilvist að þakka rausnarlegum framlögum Vestur-Íslendinga frá Washington-eyju. Halldór dvaldi vestanhafs um áratugaskeið og einnig á Washington-eyju þar sem hann skar út húsgögn í bókasafn Hjartar Þórðarsonar hugvitsmanns.

Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka. Árlega standa áhugasamir einstaklingar fyrir Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka fyrir alla fjölskylduna þegar sól er hæst á lofti. Byggðasafn Árnesinga hefur tekið þátt í hátíðinni frá upphafi. Um miðjan daginn var boðið upp á kaffihúsastemningu en fríður flokkur Eyrarbakkakvenna í peysufötum sá um að skenka kaffi og með því. Um kvöldið skapaðist skemmtileg stemning þegar frændurnir Heimir Guðmundsson píanókennari og Guðmundur Pálsson fiðluleikari léku eftir Fjárlögum Bjarna Þorsteinssonar í stásstofunni.



Póstferðin til Gimli. Þann 1. júlí hófst póstferð á hestum frá Eyrarbakka til Gimli í Kanada. Ferðin var farin til þess að minnast 130 ára búsetu Íslendinga í Gimli. Hófst ferðin við Steinskot en þaðan riðin Gatan að Húsinu þar sem fulltrúar Íslandspósts afhentu ferðalöngum póst til afhendingar og stimplunar. Bréfin voru síðan stimpluð á öllum áningastöðum ferðarinnar. Safnstjóri sendi af þessu tilefni þrjú bréf til Washington-eyjar og bárust þau með skilum seinni hluta október. Í árslok sendu aðstandendur ferðarinnar safninu þakkarbréf, rækilega stimplað í bak og fyrir á öllum póststöðvunum.

Safnadagur. Söfnin tóku þátt í Íslenska safnadeginum að vanda sem haldinn er árlega annan sunnudag í júlí. Á safnadeginum var á vegum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka boðið upp á göngu undir leiðsögn Magnúsar Karels Hannessonar þar sem gengið var milli verslunarhúsa, fyrr og nú, á Eyrarbakka. Í stásstofu Hússins var spunnið, spilað,

sungið, þæft og kveðið undir röggssamri stjórn Inga Heiðmars Jónssonar.



Sjávardýrasýning í

Eggjaskúrnum. Á safnadeginum og út júlímánuð gafst gestum tækifæri á að skoða sjávardýra- og skeljjasafnshluta náttúrugripadeildar Byggðasafns Árnesinga í Eggjaskúrnum. Auk gripa safnsins var á sýningunni tunglfiskur sem Sigurður Ingólfsson bílstjóri á Eyrarbakka fann í fjörunni vestan

Eyrarbakka haustið 2005 og lét stoppa upp.

10 ára afmæli. Þann 3. ágúst 2005 voru liðin tíu ár síðan sýningar Byggðasafns Árnesinga voru opnaðar í Húsinu á Eyrarbakka að lokinni rækilegri viðgerð á hinum fornu byggingum. Var af því blásið til veglegrar afmælishátíðar þar sem í boði var dagskrá með sögulegu ívafi undir röggssamri stjórn Guðrúnar Ásmundsdóttur leikkonu. Með henni tóku þátt Gróa Hreinsdóttir píanóleikari, Guðríður Júlíusdóttir söngkona og Karl Guðmundsson leikari – sem frumflutti þýðingu sína á kvæði Thit Jensen um Húsið á Eyrarbakka. Stór hnallþóra beið svo veislugesta sem voru fjölmargir.



Ljóm. Egill Bjarnason



Fastasýning í Eggjaskúrnum. Á afmælishátíðinni 3. ágúst var opnuð fastasýning í Eggjaskúrnum. Þar gefur nú að líta muni úr náttúrugripasafni Peters Nielsen auk upplýsinga um rannsóknir hans, uppstoppaða fugla úr náttúrugripadeild Byggðasafns Árnesinga, fróðleik um Vesturheimsfara frá Suðurlandi og upplýsingar um Fuglafriðlandið í Flóa auk ljósmynda Jóhanns Óla Hilmarssonar úr friðlandinu. Til stendur að smíða vandaða sýningaskápa fyrir fugla- og eggjasafnið.



tók sumarið 1955 á ferð sinni um Íslendingabyggðir í Ameríku. Guðni Þórðarson var viðstaddur opnunina ásamt fjölda annarra

gesta. Við opnunina sagði Hildur Hákonardóttir tvær örstuttar sögur af jurtum í Ameríku. Ljósmyndasýningin var fengin að láni frá Þjóðminjasafni Íslands.



(f. 1722) yfirsetukonu í Hraungerði, Langholti og síðar á Þingvöllum. Þórunn Guðmundsdóttir sagnfræðingur sagði frá áhugaverðu lífshlaupi Guðrúnar. Fyrirlestrarnir voru haldnir í samvinnu við Sögufélag Árnesinga.

Áramótakveðja frá Ríkisútvarpinu. Áramótakveðja Ríkisútvarpsins var tekin upp á Suðurlandi að þessu sinni. Kynnt var tónlist og menning Sunnlendinga og var „Nú árið er liðið“ tekið upp í garði Hússins en kynningarnar í stásstofunni

Kynning á Sjóminjasafninu. Kynning var á starfsemi og aðstöðu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka 21. ágúst. Sjá nánar í kaflanum um Sjóminjasafnið.

Á Washington-eyju og örsögur Hildar. Þann 20. september var opnuð ljósmyndasýning í borðstofu Hússins.

Sýningin nefndist „Á Washington-eyju“ og mátti þar sjá ljósmyndir eftir Guðna Þórðarson ferðafrömuð sem hann



Fyrirlestur í borðstofu. Þriðjudagskvöldið 22. nóvember kl. 20.30 voru fluttir tveir fyrirlestrar í norðvesturstofu Hússins á Eyrarbakka um tvær ljósmæður hér í sýslu, þær Þórdísi Símonardóttir og Guðrínu Halldórsdóttur. Eyrún Ingadóttir sagnfræðingur sagði frá Þórdísi Símonardóttur ljósmóður á Eyrarbakka og nefndi erindi sitt „Aðförin að Þórdísi ljósmóður“. Hinn fyrirlesturinn var um ævi og störf Guðrúnar Halldórsdóttur



í Húsinu. Stjórnendur þáttarins voru hjónin Valgerður Ingimarsdóttir og Andrés Indriðason. Kynnir þáttarins var Hulda Sif Hermannsdóttir.

Jólasýning. Sunnudaginn 4. desember kl. 14 til 17 var opið hús í Húsinu á Eyrarbakka. Í stofum Hússins var búið að setja upp hina árlegu jólasýningu safnsins á safngripum tengdum jólum. Á sýningunni voru gömul jólatré, jólakort frá fyrri hluta 20. aldar og jólasveinabréður sem sýna íslenska jólasveina í sauðalitunum. Í öndvegi var elsta varðveitta jólatré landsins sem er spýtu jólatré frá 1873, smíðað fyrir hjónin í Hruna þau frú Kamillu og sr. Steindór Briem af Jóni Jónssyni bónda í Þverspyrnu. Sýningin var opin eftir samkomulagi fram á þrettándann og nýttu margir hópar sér það.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Framlengdur var um enn eitt ár þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Byggðasafns Árnesinga um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Rækileg endurskoðun á samstarfi og samrekstri safnanna er fyrirhuguð. Samningurinn tók gildi 1. mars 2001 og gildi þá til ársloka 2002 og hefur eftir það verið framlengdur um ár í senn. Hefur faglegur og daglegur rekstur Sjóminjasafnsins verið í höndum Byggðasafns Árnesinga. Stefnt er að því að í endurskoðuðum samningi verði gerð langtíma framkvæmdaáætlun og tryggt fjármagn til frekari uppbyggingar safnsins, t.d. því að gera Beitningaskúrinn við Óðinshús sýningarhæfan.



Málefnum Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er sinnt samhliða Byggðasafninu en með tilkomu þjónustuhúss Byggðasafns Árnesinga urðu nokkrar breytingar til batnaðar á varðveislumálum safnsins, en Sjóminjasafnið nýtir það samhliða Byggðasafninu og Byggðasafnið nýtir í staðinn Mundakotsskemmu, aðstöðuhús Sjóminjasafnsins, fyrir stærri gripi sína.

Eins og oft áður sinnti

safnstjóri ljósmyndasafni Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka en reglulega er beðið um afrit af myndum vegna sýninga og útgáfu margskonar.

Litlar breytingar voru á fastasýningu Sjóminjasafnsins. Í árslok var þó sýningin Þorpsbúar með ljósmyndum Lindu í Pálsbæ frá árinu 2003 tekin niður.

Kynning var á Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 25. ágúst. Gafst áhugasömum tækifæri á að líta inn í Beitningaskúrinn við Óðinshús, Mundakotsskemmu og að skoða skrár ljósmyndasafnsins í Sjóminjasafninu við Túngötu. Færri nýttu sér þessa kynningu en skyldi. Gefinn var út kynningarbæklingur í A5 broti um Sjóminjasafnið þar sem rakin var saga safnsins, sýningu lýst stuttlega, safnkostur talinn upp og öll innri aðstaða kynnt.



Rjómabúið á Baugsstöðum

Þann 21. júní voru liðin 100 ár síðan tekið var við fyrsta rjómanum við nýbyggðan rjómaskála við Baugsstaðaá í Stokkseyrarhreppi. Frá 1971 hefur verið starfandi öflugur félagsskapur um varðveislu og sýningu á Rjómabúinu á Baugsstöðum og er Byggðasafn Árnesinga þáttakandi í þeim félagsskap ásamt Búnaðarsambandi og búnaðarfélögum.

Byggðasafn Árnesinga aðstoðaði við útgáfu á veglegu myndskreyttu afmælisriti um Rjómabúið á Baugsstöðum sem Helgi Ívarsson og Páll Lýðsson sömdu og aðstoðaði safnstjóri við öflun mynda og prófarkalestur. Haldið var upp á afmælið laugardaginn 25. júní með samkomu við skálann og kaffisamsæti í Félagslundi þar sem haldnar voru fjölmargar ræður.



Önnur hefðbundin verkefni rjómabúsins voru viðhald byggingar og tækja. Samkór Selfoss hélt búinu opnu um helgar í júlí og ágúst en fyrir hópa á öðrum tímum hljóp til umsjónarmaður rjómabúsins Sigurður Pálsson á Baugsstöðum.



Í ágúst brotnaði vatnshjólið sem knýr tæki og vélar bússins og var Gísla og Guðmundi Kristjánssonum smiðum

á Eyrarbakka falið að sjá um viðgerð á því.

Fulltrúi Byggðasafns Árnesinga í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum er sem fyrr Páll Lýðsson en með honum í stjórn eru Sveinn Sigurmundsson formaður og Helgi Ívarsson fyrrum bóndi í Hólum í Stokkseyrarhreppi. Umsjónarmaður rjómabússins er eins og áður segir Sigurður Pálsson bóndi á Baugsstöðum.

Aðstoð við Tónminjasetur Íslands ses.

Frá nóvember 2004 hefur Byggðasafn Árnesinga varðveitt tónminjar Páls Ísólfssonar og Hallgríms Helgasonar í þjónustuhúsi sínu að Hafnarbrú 3. Á vegum Tónminjaseturs Íslands ses var hafist handa um skráningu á þessum minjum. Munir úr fórum Páls Ísólfssonar eru varðveittir af Byggðasafni Árnesinga í umboði Þjóðminjasafns Íslands en munir Hallgríms Helgasonar eru í eigu Tónminjasetursins. Skúlína Kjartansdóttir hönnuður var forstöðumaður Tónminjasetursins frá hausti 2004 til miðs árs 2005. Skipulagði hún skráningu munanna og var María Ingvarsdóttir ráðin til skráningar þeirra en Þór W. Hagalín starfaði um fjögurra mánaða skeið við flokkun á bóka og skjalasafni Hallgríms Helgasonar tónskálds. Ekki er vitað nánar um stefnu stjórnar Tónminjaseturs Íslands ses hvað varðar frekari uppbyggingu setursins.

Samstarf við önnur söfn

Safnið er í samstarfi við önnur söfn um mál sem tengjast þeim sameiginlega. Safnstjóri er virkur félagi í Félagi íslenskra safna og safnamanna. Safnstjóri sótti Farskóla safnamanna sem haldinn var á Siglufirði í september. Í för með honum var Sigurður Pálsson á Baugsstöðum.

Safnstjóri hefur að eigin frumkvæði verið í hópi áhugamanna um uppbyggingu Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Hrunamannahreppi og sat á árinu einn fund með vinnuhópnum.

Fornleifaskráning

Vorið 2004 tók Byggðasafn Árnesinga að sér, að ósk Sveitarfélagsins Árborgar, að halda utan um fornleifaskráningu í sveitarfélaginu, fornleifaskráningu sem skylt er að gera í samræmi við gildandi Þjóðminjalög (107/2001). Haldið var áfram starfi við fornleifaskráninguna sem varð umfangsmeiri en upphaflega var gert ráð fyrir.

Í 9., 10. og 11. grein Þjóðminjalaga segir:

9. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

10. gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Fornleifavernd ríkisins hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

11. gr.

Fornleifavernd ríkisins lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Fornleifavernd ríkisins lætur skrár þessar í té Þjóðminjasafni Íslands.

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar.

(<http://www.althingi.is/altext/stjt/2001.107.html>)

Vinnsluferlið hefur verið eftir forsendum fornleifafræðinga og eftir stöðlum settum af Fornleifavernd ríkisins.

Fornleifaskráning snýst að jafnaði í þrjú þrep.

1. Svæðiskráning, skrá yfir menningarminjar, er listi yfir allar fornleifar sem getið er um í heimildum.

2. Aðalskráning, sem jafnan er unnin í tengslum við skipulagsgerð, talað við staðkunnuga, farið á vettvang og tóftir teiknaðar upp, ljósmyndaðar og hnitmældar. Skráð í gagnagrunn.

3. Deiliskráning fer fram í tengslum við deiliskipulag við væntanleg framkvæmdasvæði og er þá stuðst við aðalskráninguna ef hún er til staðar. Skráð í gagnagrunn ef aðalskráning er ekki fyrir hendi.

Samið var vorið 2004 við fornleifadeild Byggðasafns Skagafjarðar um faglega umsjón með skráningunni og af hálfu þess Guðný Zoëga fornleifafræðingur faglegur stjórnandi verksins. Fornleifafræðinemarnir Margrét H. Hallmundsdóttir og Edda Linn Rise voru ráðnar til skráningarstarfa og hófu störf í júnílok 2004. Þær skráðu allt svæðið fyrir utan Ölfusá, Selfoss og í árslok í Sandvíkurhreppnum austanverðum. Frá hausti 2004 til vors 2005 voru þær í hlutastarfi hjá safninu með háskólanámi og sinntu einkum fornleifaskráningu vegna deiliskipulags og margskonar úrvinnslu og undirbúningi. Til viðbótar við Margréti og Eddu voru Guðlaug Vilbogadóttir fornleifafræðinemi og Kristín Erla Þráinsdóttir BA í fornleifafræði ráðnar tímabundið til skráningarstarfa í sumarbyrjun. Guðlaug vann í tíu vikur hjá safninu en hvarf þá til annarra starfa. Kristín Erla var ásamt Eddu Linn í 100% starfi út árið en Margrét Hrönn snéri sér að námi er sumri lauk en var í 20% stöðu frá september til ársloka. Edda Linn hefur verið í fullu starfi við fornleifaskráningu frá júníbyrjun en hún brautskráðist sem BA í fornleifafræði í október.

Í árslok er lokið er skráningu á Selfossi öllu, Sandvíkurhreppi og Stokkseyrarjörðinni með öllum hjáleigum utan tveim. Stefnt er að því að ljúka skráningunni árið 2008 en hún verður unnin með hléum þangað til.

Auk aðalskráningar tók safnið að sér að deiliskrá fornleifar og voru eftirfarandi skýrslur gefnar út:

2005/1: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Nýjabæjar*

2005/2: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Lækjamóta í Árborg*

2005/3: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Reyðarvatns*



2005/4: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Efra-Langholts
2005/5: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Hafnargötu á Stokkseyri
2005/6: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Eystra Íragerðis
2005/7: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Hallanda
2005/8: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Hraungerðis
2005/9: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Kotferju

Segja má að þessi starfsemi hafi farið vel af stað. Unnið er eftir kröfum settum af Fornleifavernd ríkisins sem starfar eftir Þjóðminjalögum. Ekki er betur vitað en að Fornleifavernd ríkisins líti með velþóknun til starfsemi safnsins á þessu sviði. Samstarfið við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga sem hefur verið ráðgjafi og faglegur stjórnandi hefur verið með miklum ágætum. Það er öruggt að ef Byggðasafn Árnesinga hefði ekki tekið að sér



fornleifaskráningu hefði vinna þessi verið unnin af fyrirtækjum forleifafræðinga í Reykjavík.

Þrátt fyrir að vel hafi gengið hingað til er nokkrum spurningum ósvarað. Er Byggðasafn Árnesinga eða almennt minjasöfn úti á landi réttur vettvangur fyrir fornleifaskráningu? Til eru einkafyrirtæki sem starfa á sviði fornleifaskráningar og því vettvangur á samkeppnismarkaði. Er rétt að Byggðasafn Árnesinga sé starfandi á samkeppnismarkaði? Í upphafi var einungis stefnt að því að vinna eitt ákveðið verkefni það er skráningu fornleifa í tengslum við aðalskipulag Árborgar. Deiliskráning fyrir Árborg

fylgdi í kjölfarið en svo hafa ýmsir aðilar, einkaaðilar og sveitarfélög, leitað að fyrra bragði til safnsins um fornleifaskráningu í tengslum við deiliskipulagsgerð. Og nú bráðum tveimur árum síðar hefur þessi starfsemi undið upp á sig og er með nokkurra milljóna króna veltu.

Það er skoðun safnstjóra að stefnt skuli að frekari þróun þessa starfs. Lykillinn að því er að ráðinn yrði deildarstjóri sem beri ábyrgð, bæði stjórnunarlega og faglega, á fornleifaskráningu og skyldum verkefnum eins og uppgrefti. Augljós er ávinningur sveitarfélaga á því að fá þessa vinnu unna af stofnun starfandi hér í þessu héraði.

Viðhald á Húsinu

Í samráði við húsadeild Þjóðminjasafns Íslands var ákveðið að tjarga suðurþakið á Húsinu og mála glugga og bletta slitfleti á Assistentahúsinu og Húsinu. Við Eggjaskúrinn var síðasta umferð máluð á útklæðningu Eggjaskúrsins og þakið málað. Einnig var borin síðasta umferð af olíu á gólf Eggjaskúrsins. Öðrum fyrirbyggjandi viðhaldsverkefnum var frestað vegna fjárskorts.

Skráning og ný aðföng

Í mars hóf Jensína Jensdóttir vinnu við yfirfærslu skráningargagna úr FileMakerPro-skrám yfir í gagnagrunninn Sarp. Var sú vinna unnin með tilstyrk frá Atvinnutryggingasjóði og stóð út árið.

Með reglulegu millibili berast safninu gripir sem taldir eru hafa varðveislugildi en við söfnin fer fram virk söfnun, eftir samþykktari söfnunarstefnu. Hér skal greint frá nokkrum gjöfum:

Í janúar kom að máli við safnstjóra Sveinn Valdimar Lýðsson og tilkynnti þá ósk að mega færa fæðingarhéraði sínu standklukku frá 18. öld í minningu foreldra sinna Kristínar Guðmundsdóttur frá Móakoti í Kaldaðarneshverfi og Lýðs Guðmundssonar í Litlu-Sandvík. Áður en kom til afhendingar féll Sveinn Valdimar frá en börn hans Guðrún og Jón Sveinsbörn afhentu klukkuna í mars.

Í febrúar gaf Guðbjörg Sveinsdóttir á Selfossi ýmsa muni, einkum vefnað og handunna muni.

Í maí gáfu hjónin Brynjólfur Guðmundsson og Arndís Erlingsdóttir á Selfossi marga muni úr fórum sínum og forfeðra og mæðra, meðal annars salúnvefnað.

Í ágúst tók safnið við ýmsum munum frá Uppsölum Hraungerðishreppi, úr búi systkinanna Jónu og Guðjóns Sveinbjörnsbarna, meðal munanna má nefna vefstól og smiðju.

Í ágúst kom að máli við safnstjóra Guðbjörg Haraldsdóttir Bay, sonardóttir Péturs Guðmundssonar skólastjóra og Elísabetar Jónsdóttur. Erindið var að færa safninu að gjöf listgripi eftir Agnesi Lunn myndlistarkonu sem dvaldi í Húsinu nokkur sumur í byrjun 20. aldar. Um var að ræða tvö lítil málverk og forkunnarfagra bréfastressu með gifsmynd. Áður kom Guðbjörg í Húsið sumarið 2003 og færði safninu fjóra gripi eftir Agnesi Lunn. Gripi þessa keypti maður Guðbjargar af ekkju Lefliis kaupmanns sem hafði þegið gripina af gjöf af listamanninum. Gjafir Guðbjargar Haraldsdóttur Bay eru ómetanlegar og hafa mikið gildi fyrir sýningahald Hússins á Eyrarbakka.



Gefendur til safnanna á árinu 2005 voru þessir:

Vigfús Markússon, Þrastarási 51, Hafnarfirði, gaf til Sjóminjasafnsins
Aðalheiður Sigfúsdóttir, Sólvöllum, Eyrarbakka, gaf til Sjóminjasafnsins
Brynjólfur Guðmundsson og Arndís Erlingsdóttir, Grænumörk 2, Selfossi
Guðjón og Jóna Sveinbjörnsbörn, Grænumörk 2, Selfossi
Róbert Róbertsson, Grænumörk 2, Selfossi
Valgerður Kristinsdóttir, Grænumörk 2, Selfossi
Guðbjörg Haraldsdóttir Bay, Holbæk, Danmörku
Hörður og Anna, Holti, Stokkseyrarhreppi
Guðbjörg Sveinsdóttir, Ártúni 6, Selfossi
Þórunn og Óskar, Hjallatúni, Eyrarbakka
Ásrún, Helga og Andrea Jónsdætur, Selfossi
Íslandspóstur hf
Ólafur Unnarsson, Selfossi
Sigrún Sesselja Einarsdóttir, Garðabæ
Gunnar Jóhannson, Holtsbúð, Garðabæ
Benedikt Franklínsson, Hveragerði
Gísli Ragnar Kristjánsson, Eyrarbakka
Sveinn Valdimar Lýðsson, Snorrabraut 30, Reykjavík
Herborg Pálsdóttir, Eyrarbakka
Jóhann Jóhannsson, Dísubæ, Eyrarbakka
Markús Þorkelsson, Selfossi
Már Ingólfur Mátsson og systkini, Selfossi
Sigrún Guðmundsdóttir, Sandvík, Eyrarbakka
Prentsmiðja Suðurlands, Selfossi
Guðni Ágústsson, Selfossi

Fjárhagur safnsins

Halli var á rekstri safnsins á árinu sem rekja má að hluta til galla í rekstraráætlun ársins.

Rekstrartekjur safnsins á árinu voru 13,55 milljónir króna framlög frá Héraðsnefnd Árnesinga, 2,65 milljónir frá Sveitarfélaginu Árborg vegna Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, 1,8 milljón kr. frá Safnasjóði, 0,6 milljón kr. aðgangseyrir og tekjur vegna fornleifaskráningar voru 5,2 milljónir króna, alls voru tekjur 23,8 milljónir króna.

Rekstrargjöld ársins 2005 voru 10,1 milljón króna launakostnaður, annar rekstrarkostnaður var 6,4 milljónir króna og kostnaður vegna fornleifaskráningar var 5,2 milljónir króna. Rekstrarkostnaður fyrir fjármagnsliði varð 21,7 milljón króna og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði var 2,1 milljón króna. Vextir og verðbætur voru 2,3 milljónir króna þannig að bókfærð niðurstaða varð 216 þúsund króna halli.

27. mars 2006, í Húsinu á Eyrarbakka,

Lýður Pálsson safnstjóri

The Árnessýsla Folk Museum - Annual report 2005

English abstract

This annual report concerns the activities of the Árnessýsla Folk Museum and the Eyrarbakki Maritime Museum, which operate jointly at Eyrarbakki on the south coast of Iceland.

The Árnessýsla Folk Museum's exhibition facilities are in Húsið (The House) at Eyrarbakki, one of Iceland's oldest buildings. Built in 1765, it was the home of merchants and employees of the Eyrarbakki trading store until 1926, and was nationally renowned as a centre of cultural activity.

Great emphasis is placed on this history; exhibitions in the House focus on various aspects of local history, and especially the role of Eyrarbakki as a trading centre and the historical place of the House.

The Maritime Museum is located a short distance east of the House. Its most important exhibit is the fishing-boat *Farsæll*, built at Eyrarbakki in the early 20th century, as the age of fishing from rowing-boats drew to a close. The maritime Museum exhibition focuses on the history of the rowing-boat fishery and various aspects of local cultural history.

The Museum's other facilities are at Hafnarbrú 3, Eyrarbakki, in a 420m² building constructed for the purpose in 2002. This houses the museum offices, conservation facilities and storage.

The Árnessýsla Folk Museum has undertaken cataloguing of heritage sites. Heritage sites on farms in the community of Árborg have been catalogued, as have a number of sites in connection with planned construction projects.

The exhibition gallery in the dining room of the House and Eggjaskúrinn (the Egg House) housed many exhibitions during the year. The first was *Húsið í ýmsum myndum* (Images of the House). The summer exhibition was *Þegar ég var lítill* (When I was Small), watercolours by Icelandic painter Jóhann Briem (1908-1990). The autumn exhibition was of photographs taken by Guðni Þórðarson in north America in 1955: *Á Washington-eyju* (On Washington Island, Wisconsin). Eggjaskúrinn housed three exhibitions during the year: in May *Fuglar og menn* (Birds and Men) by woodcarver Halldór Einarsson, in July *Furðufiskar og fleiri sjávardýr* (Odd Fish and other Marine Creatures), an exhibition of stuffed sea creatures, and in August an exhibition of stuffed birds and eggs from the museum's collection.

The museum also participated in diverse events, for instance the start of a horseback journey from Eyrarbakki to the Icelandic-Canadian community of Gimli in Manitoba, a Midsummer Day celebration, and participation in Icelandic Museums Day. The annual New Year broadcast of national TV station RÚV, on New Year's Eve 2005, was filmed in the House.

The museum holds an annual Christmas Exhibition, which includes for instance Iceland's oldest Christmas tree, believed to have been made in 1873.

Standing exhibitions were improved and made more accessible to foreign visitors.

The number of visitors to the museums in 2005 was 5,100, of whom about one quarter were foreigners. The museums have a total of about 5,400 objects in their collections, and nearly 5,000 photographs. During the year about 260 new acquisitions were catalogued. The director of the museum is historian Lýður Pálsson. The museums have nine salaried staff: the director in a full-time post, while others are part-time employees. The total turnover of the museums in 2005 was ISK 23.8 million.